

Matvælastofnun
Þór Gunnarsson
Austurvegur 64
800 SELFOSS

Garðabær, 05. febrúar 2013
2013010035/42-0
TB
jgo/tb


Kræklingarækt Vatnsleysuvík

Vísað er til bréfs frá Matvælastofnun, dags. 23. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Fjarðarskeljar ehf um leyfi til tilraunræktunar á krækling í Vatnsleysuvík.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemd við að leyfi verði veitt fyrir tilraunarækt í Vatnsleysuvík vegna náttúrufars en ekki er hægt að lesa annað út úr umsókninni en að gert sé ráð fyrir að safna lirfum á svæðinu til áframeldis. Orðalag er oft ekki afgerandi hvað varðar fyrrgreint atriði en það er skoðun Náttúrufræðistofnunar að það eigi að koma skýrt fram í umsóknum um kræklingaeldi hvort eingöngu eigi að safna lirfum af viðkomandi svæði eða ekki. Náttúrufræðistofnun tekur undir ábendingar Landhelgisgæslunnar sem bárust stofnuninni með tölvupósti og vísar m.a. í því sambandi í fyrri bréf til Matvælastofnunar, sjá bréf dagsett 16. janúar 2012, þar sem farið er yfir ýmis almenn atriði er geta varðað val á ræktunarsvæðum fyrir krækling og árekstra vegna mismunandi sjávarnytja eða náttúrufars og verndarsjónarmiða.

Virðingarfyllst


Jón Gunnar Ottósson
forstjóri


Trausti Baldursson

